

Skinney-Þinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði

Egilsstaðir, 6. september 2022
UST202202-188/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17.8.2022 – Fiskimjölverksmiðja Skinneyjar-Þinganes

Þann 17. ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskimjölverksmiðju Skinneyjar-Þinganes, Höfn í Hornafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Skrá skal upplýsingar um viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði, tæmingu fitugildru, magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar, notkun rotvarnarefna o.fl. og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- 2) Samræma skal heiti m.a. á lýsistönkum og gæta þess að sömu heiti séu notuð í öllum gögnum.
- 3) Mæla skal rennsli í frárennsli verksmiðjunnar. Ekki er fullnægjandi að áætla það út frá aflestrum af vatnsmælum.
- 4) Fara þarf yfir útreikninga í skýrslu með niðurstöðum mælinga á fitu, svifögnum og COD, frá 2020 og gæta þess að réttar upplýsingar séu sendar Umhverfisstofnun.

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu, er varða:

1. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilsettum tíma.
Umrædd gögn hafa nú borist Umhverfisstofnun og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi. Mæla skal fitu, svifagnir og COD í frárennsli og skila þeim mælingum með grænu bókhaldi.
Engar upplýsingar um niðurstöður mælinga árið 2021 hafa borist Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikinu nr. 2 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. september 2022.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
Sérfræðingur